



Til handhafa EES útboðsgagna nr. 15447 „**Raforkukaup Reykjavíkurborgar**”.

Málefni: Viðauki 2 við ofangreind útboðsgögn.

Ágætu viðtakendur,
eftirfarandi fyrirspurnir bárust á útboðsvef innkaupaskrifstofu sem áframsendist hér með ásamt svari verkkaupa:

Spurning;

1. „Varðandi götulýsingu, sem skv. útboðslýsingu mun minnka úr 15.244.740 kWh/ári í 5.948.730 kWh/ári, hvernig verður innheimtuferli fyrir orku á samningstíma háttað? Verður innheimt skv. rauntölum í lok hvers mánaðar eða er unnið út frá áætluðu orkumagni (afl x logtími) og áætluðum orkuprófíl fram í tímann eða eitthvað annað ?“

Svar:

Verið er að mælavæða alla götulýsingu og er áætlað að því verði lokið í árslok 2024 í síðasta lagi og munu mælar bætast við jafnt og þétt fram að þeim tíma. Útboð á raforku til götulýsingar nær aðeins yfir mælda notkun og því verður innheimt samkvæmt rauntölum í lok hvers mánaðar eða áætluðum orkuprófíl fram í tímann í samræmi við fyrirkomulag Netorku á hverjum tíma.

2. Hver er viðmiðunardagsetning þar sem leyfilegt er að hækka gjaldskrá (með VNV)? Í kafla 1.1 kemur fram:
Heimilt er að hækka eða lækka kWh verð til Reykjavíkurborgar í samræmi við vísitölu neysluverðs einu sinni á ári þ.e. 1. janúar ár hvert. Verðið skal þó vera óbreytt frá upphafi samnings og til 31. desember 2024.
Í samningsdrögum, 3. gr. kemur fram:
Einungis skal heimilt að hækka/lækka gjaldskrár einu sinni á ári eða 1. janúar og skal slíkt fyrst heimilt 1. janúar 2024

Svar:

Heimilt er að hækka eða lækka gjaldskrár einu sinni á ári eða 1. janúar og skal slíkt fyrst heimilt 1. janúar 2024

3. Hver er skráður álagstími Veitna sbr síðustu mgr. í kafla 2.2. ?

Svar:

Miðað er við að skráður álagstími Veitna sé samkvæmt taxta T1HD, miðverð og háverð, sjá nánar <https://www.veitur.is/verdskrar/rafveita>

4. Varðandi götulýsingu, en svo virðist sem Reykjavíkurborg noti 10.079.230 kWh (árið 2022) en aðrir notendur 5.165.510 kWh (árið 2022). Er notkun annarra notanda greidd af Reykjavíkurborg eða liggur fyrir framsal á rekstri notenda til Reykjavíkurborgar á þessum 5.165.510 kWh?

Svar:

Vegna þess að orkan er ómæld í dag þá greiðir hver og einn notandi orkuna samkvæmt uppsettu afli til Veitna og viðeigandi orkusölufyrirtækis. Við uppsetningu mæla í heimtaugarskápum þá verður Reykjavíkurborg skráð fyrir mælinum og þarf síðan að sækja greiðslur til annarra notenda. Framsal annarra notenda liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að þeir njóti sömu kjara og Reykjavíkurborg.

5. Hver er samningstími?

Í kafla 1.17 kemur fram:

Samningurinn skal taka gildi þann 1. janúar 2023 og gilda til 31. desember 2025 eins og fram kemur í samningsdrögum í kafla 4. kafla hér að neðan.

Í samningsdrögum, 2. gr. kemur fram:

Samningur þessi skal gilda frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2026 og lýkur þá án uppsagnar.

Heimilt er þó að segja upp samningi með þriggja mánaða fyrirvara 12 mánuðum eftir að samningur er kominn á.

Svar:

Hið rétta er í kafla 1.17 „Samningurinn skal taka gildi þann 1. janúar 2023 og gilda til 31. desember 2025“.

Viðauki þessi er nú hluti ofangreindra útboðsgagna

F.h. innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Hallgrímur Tómasson